

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um sýklalyf.

Frá Ólafi Adolfssyni.

- Er yfirlit um sýklalyfjanotkun manna og dýra skráð í rafrænan gagnagrunn? Ef svo er, hver ber ábyrgð á söfnun og miðlun gagna um ávísun og afhendingu sýklalyfja til manna og dýra?
- Hvernig fer skráning fram á sýklalyfjum sem gefin eru sjúklingum innan heilbrigðisstofnana, svo sem sjúkrahúsa, hjúkrunarheimila og heilsugæslustöðva, þar sem lyfið er ekki leyst út í lyfjabúð?
- Telur ráðherra, með hliðsjón af aðgerðaáætlun stjórnvalda gegn sýklalyfjaónæmi, að fyrirliggjandi skráningar- og upplýsingakerfi nái utan um alla notkun sýklalyfja, bæði dýra og manna, á fullnægjandi hátt? Ef svo er ekki, hvaða úrbóta er þörf?

Skriflegt svar óskast.